



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu
Hinna íslensku þýðingarverðlauna
Hannesarholti
3. mars 2018**

Ágætu þýðendur,
fulltrúar Bandalags þýðenda og túlka,
kæru gestir!

En er hin árrisula, rósfingraða Morgungyðja kom í ljós, vöknuðu menn hjá báli hins fræga Hektors. Þeir slökktu fyrst allan uslann með skæru víni, svo vítt sem eldsmagnið hafði náð; því næst söfnuðu bræður og vinir saman hinum hvítu beinum: grétu þeir, svo fögur tárin hrundu niður eftir kinnunum; tóku þeir upp beinin og lögðu niður í gullskrín, og breiddu þar yfir mjúka purpuradúka, grófu síðan skrínið niður í gryfju, og þöktu ofan gryfjuna með stórum steinum hverjum við annan, þá urpu þeir haug í skyndi, en alla vega umhverfis sátu njósnarmenn, svo hinir fagurbrynhosuðu Akkear skyldu ekki fyrir veita árásir, en öllu væri lokið. En er þeir höfðu orpið hauginn, gengu þeir burt, komu svo aftur saman eftir réttum sið, og sátu að dýrðlegri veislu í höll Príamuss konungs, fósra Seifs.

Þannig gerðu þeir útför hins reiðfima Hektors.

Kæru vinir: Með þessum orðum lýkur Ilíonskviðu, í snilldarþýðingu Sveinbjarnar Egilssonar, kennara við Bessastaðaskóla á fyrri hluta nítjándu aldar. Þýðingar af þessu tagi réttlæta þá þrjósku í okkur Íslendingum að berjast við að tala okkar eigið tungumál í heimi alþjóðavæðingar, rafrænna samskipta og yfirburða ensku á alþjóðavettvangi. „Íslenskan í raunverulegri hættu“, segir í fyrirsögn fréttar á vef Ríkisútvarpsins fyrir í vikunni, og er þá vitnað í úttekt breska blaðsins Guardian á framtíð tungumálsins. Einhvern tímann var reiknað

út, kannski meira af gamni en alvöru, hversu marga milljarða mætti spara með því leggja niður íslensku og taka upp hina nýju alheimstungu, enskuna. Þá þyrfti ekki að sitja löngum stundum í litlu landi og þýða erlend skáldverk, Hómerskviður og hvaðeina. Þá spöruðust bæði tími og fé.

En þá færum við líka á mis við svo mikið. Og ekki var Ilíonskviða sett saman á ensku ef út í það er farið. Því miður er það víst bara flökkusaga að bandarískur stjórnámáladur hafi sagt eitthvað á þá leið að fyrst enska dugði Jesú Kristi vel hljóti hún núna að gagnast öllum íbúum þar vestra. Gott er að hafa mál sem margir geta bjargað sér á en fortíð og nútíð eiga sér margar tungur og viljum við eiga okkur framtíð þar sem fjölbreytni er í hávegum höfð þurfa hin ólíku mál að lifa, íslenska þeirra á meðal.

Og þá þýðum við af miklum móð! Úr ensku og öðrum málum, af íslensku á aðrar tungur. Ég nota í lokin tækifærið og þakka þýðendum þeirra mikilvægu störf. Nýlega kom út fróðlegt fræðirit um þýðingar, greinasafn Ástráðs Eysteinsonar. Ég geri upphafsorð hans að lokaorðum mínum:

Hvernig öðlast skáldverk, fræðirit og skemmtiefni alþjóðlegt gildi? Hvernig hafa hugmyndir og kenningar borist um heiminn? Eða lærdómur og trúarbrögð, söguleg vitneskja og verkþekking? Hvernig hefur verið hægt að greiða fyrir viðskiptum og samningum þjóða sem búa við ólíkar aðstæður og siðvenjur? Hvernig má fregna það sem gerist í fjarlægum löndum?

Með þýðingum. Með svifbrúm yfir sundin sem aðskilja málheima og menningarsvæði – með því að talað mál og textar eru flutt að nýju á annarri tungu; með störfum einstaklinga sem ráða yfir kunnáttu í tveimur eða fleiri málum og geta þar með miðlað margskyns reynslu og þekkingu.

Góðir áheyrendur. Þetta eru orð að sönnu. Vissulega myndi sólin áfram rísa á þessu landi þótt enginn talaði lengur íslensku. Og vissulega er gott að standa á hlaðinu á Bessastöðum á björtum morgni á góu og söngla með Bítlunum Good Day Sunshine. Ennþá betra er þó að láta hugann reika til Sveinbjarnar Egilssonar sem sat þar syðra, með Ilíonskviðu í höndum, og sjá hina árrisulu, rós fingruðu Morgungyðju koma í ljós.